

1. fundur

Kaplakrikahópurinn 16. ágúst 2018, kl. 13:00


Mættir: Ljósbrá Baldursdóttir formaður, Ásmundur Ingvarsson, Viðar Halldórsson og Valdimar Svavarsson

Starfsmenn: Rósa Steingrímsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir og Helga Stefánsdóttir

Fjarverandi: Skarphéðin Orri Björnsson og Geir Bjarnason starfsmaður

1. Farið yfir rammksamkomulag milli FH og Hafnarfjarðarkaupstaðar (Hfj.) og erindisbréf Kaplakrikahóps. Ljósbrá er formaður hópsins.
2. Í rammksamkomulagi segir að Hfj. munu eignast að fullu 3 íþróttamannvirki í Kaplakrika og muni greiða kr. 790 millj. fyrir eignirnar, endanlegt verðmæti þeirra verður ljóst eftir vinnu Kaplakrikahópsins við endanleg eignaskipti á Kaplakrikasvæðinu sbr. 5. tl. rammksamkomulagsins og FH skuldbindi sig til að byggja knattúss í samræmi við hugmyndir og hönnun félagsins fyrir andvirði eignaskiptanna kr. 790 millj. Hlutverk Kaplakrikahóps er að leiða til lykta eignaskiptingu og eignarhald í Kaplakrika. Þá skal hópurinn hafa fjárhagslegt eftirlit með framkvæmd við byggingu nýs knattúss. Greiðslur vegna eignaskipta skulu inntar af heldi samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins og eftir því sem framkvæmdum vindur fram í samráði við Kaplakrikahóp.
3. Rætt um framkvæmdir sem þegar hafa verið gerðar og samninga þar um og skulu þeir allir sendir til Kaplakrikahóps. Þá gerði Strendingur skýrslu árið 2002 sem þarf að horfa til. Skýrslan verður send til Kaplakrikahóps.
4. Fulltrúar FH leggja fram bráðabirgða verktíma og greiðsluáætlanir fyrir byggingu knattúss, Skessunnar, ný áætlun verður lögð fram fljótlega.
5. FH óskar eftir að fyrsta greiðsla vegna eignaskipta verði innt af hendi kr. 100 millj. sbr. framlagðar verktíma- og greiðsluáætlanir. Greiðslan er vegna efniskaupa. Viðar vikur af fundi kl. 14:45
6. Kaplakrikahópurinn, Valdimar, Ásmundur og Ljósbrá samþykkja að komi staðfesting frá umboðsaðila framleiðanda hússins, Besthúss ehf. Þess efnis að 40% af kaupverði knattússins (Skessan) hjá framleiðanda þess hafi verið greitt og framleiðsla verði gangsett. Þá sé því skilyrði uppfyllt að greiddar verði kr. 100 millj. vegna Rammasamnings milli Hfj. og FH sem samþykktur var í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 8. ágúst s.l. og staðfest var í bæjarstjórn 15. ágúst s.l.
7. Eftirfarandi staðfesting kemur frá Best Hús ehf „Undirritaður f.h. Best Hús ehf staðfestir hér með að við móttöku 100 milljóna sem hlutagreiðsla af kaupverði hússins hjá seljenda á knattúsi fyrir FH (vísa í kostnaðar- og greiðsluáætlun FH) er komin bindandi kaupsamningur á milli aðila og framleiðsla verður gangsett svo fljótt er verða má. Virðingarfylls Jón Rúnar Halldórsson”
8. Kaplakrikahópurinn leggur áhersla á að FH hefji nú þegar viðræður við veðhafa (Landsbankann) um veðflutning á lánum áhvílandi á íþróttahúsunum sem koma í hlut Hfj. þar sem afhenda á eignirnar veðbandalausar til Hfj.
9. Í rammksamkomulagi er ákvæði um að á verk- og samningstíma sé FH óheimilt að veðsetja og selja fasteignir í Kaplakrika. Gerð verður yfirlýsing þar um sem skal þinglýst á eignirnar.
10. Viktor Sigurðsson verkfræðingur vann ásamt Hfj. og FH að gerð eignaskiptasamnings sem lagður var fyrir FH í janúar 2017. Ákveðið er að fá hann til næsta fundar hópsins.
11. Næsti fundur fer er 22. ágúst n.k. kl. 9:00 í Ráðhúsinu.

Fundi slitið kl. 15:20.


Valdimar Svavarsson
Ljósbrá Baldursdóttir